

þó að greiðir sýnist vegir;—
 bjarg, sem jökull byrgði' að kveldi
 bálar við sólarris.

Styrkárr Vésteinn.



Dalsmynni.

Úr Borgfirðingaljóðum.

Tileinkað frændkonu höfundarins, V. Brynjólfsdóttur,
 frá Hreðavatni í Norðrárdal.

I. HAUST.

Við sumarhvarf er mynni dalsins dapurt
 og dynljóð elfar þrungið höfgablæ.
 Og Svásúð skelfir Norðra-brósið napurt,
 sem náklóm lýstur hvert eitt suðrænt fræ.
 Fáleitt er blóm á holtum, móum, melum,—
 markar þau fólva geislahvarfsins rún.—
 Þá kyngi mögnuð kreikar nótt úr felum,
Kveldroðinn deyr á fjallsins vesturbrún.

II. VOR.

Við brotthvarf vetrar brosir dalsins mynni
 og bjargsins gýgur feginshörpu slær,—
 þá endurskín vort æskuleika kynni,—
 ið unga blóm mót sólarlogum hlær.
 Og morgungeislar, Mælifells of hlífir,
 í meginskrúði birta frelsisrún; —
 Þar náheimslið í nánd ei lengur stríðir,—
Náttskugginn deyr á fjallsins austurbrún.

STYRKÁRR VÉSTEINN.

